



Reykjavík, 28 maí 2025

ERINDISBRÉF

Hjólabúar – starfshópur umhverfis- og skipulagssviðs

Ábyrgðarmaður: Glóey Helgudóttir Finnsdóttir og Dóra Björt Guðjónsdóttir

Inngangur:

Fyrsta aðgerðaáætlun Samfylkingar, Pírata, Sósíalistaflokks, Flokks fólksins og Vinstri grænna á grundvelli samstarfsyfirlýsingar var kynnt á borgarstjórnarfundi þann 21. febrúar 2025. Tillögum útlistað í áætluninni er ætlað að raungera hluta þeirra verkefna sem þar eru sett fram. Ein tillagan er að:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela umhverfis- og skipulagsráði að finna betri staðsetningu fyrir hús á hjólum í stað núverandi staðsetningar á Sævarhöfða. Staðarvalsgreininguna skal vinna í samráði við Samtök hjólabúa.

Til að tryggja nauðsynlegt samstarf við þær skrifstofur sem helst koma að ofangreindri tillögu, þarf að skipa starfshóp.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að raungera ofangreinda tillögu, tryggja samstarf skrifstofna og sérfræðinga og viðunandi málsmeðferð og stilla upp að minnsta kosti tveimur áætlunum sem unnt er að velja úr. Hópurinn mun tryggja samtal við Samtök hjólabúa, við samtök sveitarfélaga og annað tilfallandi. Hópurinn kannar lagaumgjörð, og þá hvort og hvaða möguleikar eru fyrir hendi til að leysa þörf á langtímastæðum hjólabúa, hvernig aðgangur og öryggi verði tryggt og hvernig rekstrarfyrirkomulagi væri háttað. Hópurinn mun setja sér verkefni og forgangsraða verkefnum eftir því sem við á í samráði við yfirmenn. Þórólfur Jónsson verður formaður starfshópsins.

Starfshópin skipa:

Hrönn Valdimarsdóttir
Þorkell Heiðarsson (formaður)
Þórólfur Jónsson
Ómar Einarsson (ráðgjafi hópsins)

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópur leiti sér ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil:

Hópurinn er skipaður til 6 mánaða og tekur til starfa 1. júní 2025, og munu tillögur liggja fyrir 1. nóvember 2025.

Ólöf Örvarsdóttir
Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs



Reykjavík